

## A 1723/kultur

**Flytjandi** Flokkahópur jafnaðarmanna  
**Afgreiðsla** Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Þingmannatillaga um gagnkvæma viðurkenningu á refsiaðgerðum vegna hagræðingar úrslita á Norðurlöndum

### Tillögur

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún taki ákvörðun um að styðja í öllum meginatriðum áform ólympíunefnda og íþróttasambanda landanna um að Norðurlönd verði fyrsta svæði heims sem kemur á fót kerfi um gagnkvæma viðurkenningu á refsiaðgerðum vegna hagræðingar úrslita í íþróttakappleikjum alls staðar á Norðurlöndum.

### Skýringar

Refsiaðgerðum gegn íþróttaiðkendum af báðum kynjum sem hafa tekið þátt í hagræðingu úrslita verður sem stendur aðeins beitt innan lögsögu þeirrar stofnunar sem er bær til að grípa til þeirra. Leikmaður sem hefur tekið þátt í hagræðingu úrslita getur því flutt til annars lands og haldið áfram að iðka íþróttir. Til að mynda getur knattspyrnumaður í Kaupmannahöfn, sem er bannað að leika í Danmörku vegna hlutdeildar í hagræðingu úrslita, flutt til Svíþjóðar og leikið fyrir sænskt félag.

Á ákveðnum sviðum hefur þó verið ákveðið að alvarleg brot hafi slíkar afleiðingar að nauðsynlegt sé að grípa til alþjóðlegra lausna. Þetta á við um íþróttaiðkendur sem hafa misnotað lyf en í slíkum tilvikum hefur verið komið á fót alþjóðlegu kerfi um gagnkvæma viðurkenningu á refsiaðgerðum milli landa, landsbundinna ólympíunefnda og íþróttasambanda.

Norrænu íþróttasamböndin eru sammála um að hagræðing úrslita sé með alvarlegustu ógnum sem steðja að íþróttum og að mikil þörf sé á gagnkvæmri viðurkenningu á refsiaðgerðum. Ólympíunefndir og íþróttasambönd landanna vinna náið saman um reglur sem eiga að gilda alls staðar á Norðurlöndum og hvað snertir stuðning við innleiðingu landsbundinna kerfa og reglna. Norrænu íþróttasamböndin vilja nú vísa veginn og verða fyrsta svæði heims til að koma á laggirnar kerfi um gagnkvæma viðurkenningu á refsiaðgerðum vegna hagræðingar leikjaúrslita alls staðar á Norðurlöndum.

Þar sem ólympíunefndir og íþróttasambönd landanna hafa sett sér eigin reglur um



mál sem varða hagræðingu úrslita er nauðsynlegt að myndaður verði starfshópur með fulltrúum ólympíunefnda og íþróttasambanda landanna og honum falið að gera tillögu um gerð þess háttar kerfis. Semja ber tillöguna með hliðsjón af löggjöf norrænu landanna og reglum landsbundinna ólympíunefnda og íþróttasambanda og með vernd persónuréttinda íþróttaiðkenda í huga.

Helsinki, 30. nóvember 2017

*Annette Lind (A)*  
*Erkki Tuomioja (sd)*  
*Eva Sonidsson (S)*  
*Henrik Dam Kristensen (A)*  
*Ineqi Kielsen (S)*  
*Ingalill Olsen (A)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Jorodd Asphjell (A)*  
*Karen J. Klint (S)*  
*Karin Gaardsted (S)*  
*Lars Mejern Larsson (S)*

*Lennart Axelsson (S)*  
*Maarit Feldt-Ranta (sd)*  
*Martin Kolberg (A)*  
*Orla Hav (A)*  
*Peter Johnsson (S)*  
*Phia Andersson (S)*  
*Pyry Niemi (S)*  
*Rikard Larsson (S)*  
*Ruth Mari Grung (A)*  
*Stein Erik Lauvås (A)*  
*Tony Wikström (ÅSD)*